

## GJALDSKRÁ

### vegna þjónustu Hagstofu Íslands.

1. gr.

*Tímavinna.*

Innheimt er að lágmarki fyrir eina klukkustund.

Sérfræðingur pr. klst. 20.800 kr.

2. gr.

*Aðgangur að rannsóknarumhverfi Hagstofu Íslands.*

Rannsakendur sem fá aðgang að örgögnum á rannsóknarumhverfi Hagstofu Íslands, skulu greiða fyrir það sem hér segir:

Stofngjald rannsóknarverkefnis (gjald pr. klst.) 20.800 kr.

Gögn útbúin og öryggi tryggt (gjald pr. klst.) 20.800 kr.

Rekjanleiki niðurstaðna (gjald pr. klst.) 20.800 kr.

Almenn notendabjónusta (gjald pr. klst.) 20.800 kr.

Aðgangur að rannsóknarumhverfi og kerfisstjórn í allt að tólf mánuði 104.000 kr.

3. gr.

*Heimild til sammingsgerðar.*

Hagstofu Íslands er heimilt að gera sérstaka samninga um þjónustu, skal þá ávallt taka tillit til raunkostnaðar er varðar þjónustuna.

4. gr.

*Gjald fyrir vinnslu gagna.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við raunkostnað vegna veittrar þjónustu og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á raunkostnaði.

5. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 14. gr. laga um Hagstofu Íslands, nr. 163/2007, og opinbera hagskýrslugerð og öðlast þegar gildi, frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjaldskrá vegna þjónustu Hagstofu Íslands, nr. 1085/2016.

*Forsætisráðuneytinu, 18. mars 2026.*

F. h. r.

**Benedikt Árnason.**

---

*Daniel Svavarsson.*

---

B deild - Útgáfudagur: 7. apríl 2026